

	Flyt kr. 9159,09	84
d. Í peningum	— 206,72	9365,81
	Kr. 11850,30	

Vesturamtið, Reykjavík 12. jan. 1897.

J. Havsteen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktanir viðvikjandi breyting á stjórnarskránni. — Ráðaneytið hefir borið upp fyrir hans hátign konunginum þingsályktanir þær um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem sendar voru með þóknanlegu brjefi yðar frá 20. desbr. 1895, og samþykktar höfðu verið 1895 af hvorri deild alþingis fyrir sig, og hefir hans hátign eptir allraþegnsamlegustum tillögum mínum úrskurðað, að í allrahæstum boðskap til alþingis, þeim er yður mun sendur með öðru brjefi, dagsettu í dag, skuli fólgið það svar, að umræddar þingsályktanir hafi eigi getað orðið teknar til greina, og að ástæður þær, er fyrir því eru færðar í tillögum ráðaneytisins, hvers vegna þingsályktanirnar eigi hafa orðið teknar til greina, skuli kunngjörðar almenningi á Íslandi á þann hátt, að birtur verði á prenti sá hluti af tillögnum, sem hjer kemur til greina.

Þessi hluti af áðursögðum allraþegnsamlegustum tillögum er þannig:

»Á reglulegu alþingi 1895 hefir hvor þingdeild fyrir sig samþykkt sokaallaða þingsályktun um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874, og hefir það mál stöðugt verið til meðferðar á samkomum alþingis á hinum síðari árum. Ályktun efri deildar er þannig:

»Um leið og efri deild alþingis lýsir því yfir, að hún heldur fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, með svo fullri tryggingu, sem komið hefir fram á undanförnum þingum, ályktar hún að skora á stjórnina, að taka þær til greina og sjerstaklega hlutast til um:

1. að löggjafar- og landstjórnarmálefni, er heyra undir hin sjerstöku málefni Íslands, verði eptirleiðis eigi lögð undir atkvæði hins danska ríkisráðs eða borin upp í því;

2. að gjörð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, þannig, að neðri deild alþingis geti ávalt, er ástæða þykir til og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er til þess gefur tilefni, komið fram ábyrgð beinlínis á hendur hjer búsettum, innlendum manni, er mæti á alþingi;

3. að stofnaður verði sjerstakur dómstóll hjer á landi, skipaður innlendum mönnum (landsdómur), er dæmi í málum þeim, er neðri deild alþingis eða konungur lætur höfða gegn hinum æðsta stjórnanda hjer á landi».

Texti þingsályktunar neðri deildar er frábrugðinn þingsályktun efri deildar í þeim tveimur atriðum, að í hinni fyrnefndu er það beint tekið fram, að

1. dag júlímán. 1897.

85 deildin haldi fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, eins og þær hafi komið fram á 29. maí undanförunum þingum, og sem frumvarp það til stjórnarskipunarlaga byggist á, er deildin hefði samþykkt á þinginu 1895, og að beðið er um það í 2. tölulið þingsályktunar neðri deildar, að lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp til hinna nýju eptiræsktu stjórnarskipunarlaga.

Í allra þegnsamlegustu ávarpi frá neðri deild alþingis, því er sent var yðar hátign með allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins fyrir Ísland 21. maí f. á., er athygli yðar hátignar þar að auki leitt að þessu máli.

Jafnframt því að senda hingað hinar umgetnu þingsályktanir, hefir landshöfðinginn yfir Íslandi skýrt svo frá, að ályktanir þessar sjeu sprotttnar af þeirri viðurkenning meiri hluta alþingismanna, að það mundi árangurslaust að halda áfram að samþykkja stjórnarskrárfrumvörp, er fyllilega er orðið ljóst um, að eigi muni geta öðlazt allrahæsta stadfesting, og því hafi menn viljað reyna að fá óskir sínar í þessu máli uppfylltar með því að ganga þann veg, er líklegri væri, nfl. að skora á stjórnina að koma fram með frumvarp um endurskoðun á stjórnarskránni í þá átt, er hin fyrri stjórnarskrárfrumvörp hafa í bent. Hefir landshöfðingi bætt hjer við eptirrituðum athugasemdum og tillögum.

Útaf 1. tölulið þingsályktunarinnar hefir hann í samræmi við skoðun alþingis látið þar álit sitt í ljós, að sú tilhögun, sem nú á sjer stað, að leggja einnig fyrir rikisráðið þau löggjarmálefni og landstjórnar, er eptir lögum frá 2. janúar 1871, um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, eru sjerstakleg málefni Íslands, virðist eigi geta samrýmzt ákvæðum stjórnarskrár um hin sjerstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874, með því að ekki einungis 1. gr. stjórnarskrárinnar, er í henni er sagt, að í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hafi landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, heldur og 2. gr., að konungur hafi hið ædsta vald yfir öllum hinum sjerstöku málefnum Íslands og láti ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma það, og 3. gr., að ráðgjafinn hafi ábyrgð á því að stjórnarskránni sje fylgt, virðist helzt gjöra ráð fyrir því, að konungur gjöri út um hin sjerstaklegu löggjafarmálefni Íslands og landstjórnarmálefni með aðstoð þess ráðgjafa eins, er hann hefir kosið til að vera Íslands ráðgjafa, án þess hinir aðrir ráðgjafar konungs geti haft nokkur áhrif á þær ráðstafanir, er í þessu efni sjeu gjörðar; en það geti ekki hjá því farið, að slík áhrif ættu sjer stað, að minnsta kosti að forminu til, meðan þessi málefni eru lögð undir atkvæði rikisráðsins.

Útaf 2. tölulið þingsályktunarinnar hefir hann með skírskotun til allra hæstrar auglýsingar frá 2. nóvember 1885 tekið það fram, að það sje óhjákvæmilegt, að sá ráðgjafi sitji við hlið konungs, er honum er trúað fyrir ædstu stjórn hinna sjerstöku málefna Íslands, og því verði hann að búa í Kaupmannahöfn; aptur á móti hefir landshöfðingi lagt það til að látið verði að óskum alþingis að nokkru, þannig, að skipaður sje sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland, er geti mætt á alþingi og beri ábyrgð gagnvart því eigi einungis á því, að stjórnarskránni sje fylgt, heldur og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er snerti hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Enn hefir hann út af 3. tölulið þingsályktananna um skipun sjerstaks is-

lenzks dóms til þess að dæma í málum þeim, er höfðuð yrðu af konungi eða 85
neðri deild alþingis gegn þeim manni, er hefði á hendi æðstu stjórn hinna sjer- 29. maí
staklegu málefna Íslands, tekið það fram, að hann eigi geti sjeð að skipun slíks
dóms sje nauðsynleg nje einu sinni æskileg, því að það sje bæði eðlilegast, að
dómur hjer dæmi um hina stjórnskipulegu ábyrgð fyrir stjórnarathafnir, sem
framkvæmdar eru í Kaupmannahöfn, enda verði eigi vænzt rjettlátara og óhlut-
drægara dóms hjá öðrum dómstól en hæstarjetti ríkisins um ágreiningsatriði þau,
er um mundi verða að ræða.

Loks hefir landshöfði getið, þess að gjöra megi ráð fyrir því, að þá
yrði sjeð fyrir endann á stjórnarbaráttu þeirri, er nú hefir verið háð um mörg
undanfarin ár til mikillar hindrunar heillavænlegri samvinnu stjórnar og þings,
ef látið væri að óskum alþingis samkvæmt því, sem áður er sagt, þannig: að
hin sjerstöku löggjafarmálefni og landstjórnamálefni Íslands verði eigi framveg-
is borin upp í ríkisráðinu eða lögð undir atkvæði þess, að skipaður verði fyrir
Ísland sjerstakur ráðgjafi, er mæti á alþingi, og að ráðgjafinn fyrir Ísland beri
ábyrgð gagnvart alþingi ekki einungis á því, að stjórnarskránni sje fylgt, held-
ur og á embættisfærslu sinni yfirleitt; hefir landshöfðingi jafnframt skotið
máli þessu til aðgjörða ráðaneytisins.

Jafnframt því allraþegnsamlegast að bera mál þetta upp fyrir yðar há-
tign, skal jeg leyfa mjer að taka það fram, sem hjer fer á eptir.

Þar þarf sennilega ekki að geta þess, að kröfur þær eru engan veginn
nýjar, er fólgnar eru í hinum umgetnu þingsályktunum. Það er berlega tekið
fram í báðum þingsályktunum, að stjórnarbótarkröfur þær, er óskað er eptir
að stjórnin taki nú að sjer til að færa í stýl og koma að öðru leyti á framfæri,
eru allar hinar sömu, sem komið hafa svo opt fram áður frá Íslands hálfu, án
þess þær hafi orðið teknar hjer til greina, og hafa þær seinast verið fólgnar í
stjórnarskrárfrumvörpum þeim, er frá alþingi 1885 og 1886, og 1893 og 1894
hafa komið, og neitað hefir verið allrahæstrar staðtestingar. Að kröfurnar sjeu
hinar sömu, er að vísu eigi tekið fram með berum orðum í þingsályktun efri
deildar, en það er skýrt tekið fram í þingsályktun neðri deildar og einkum í
ávarpi hennar til yðar hátignar; og þótt þetta hefði eigi verið tekið svo ljóslega
fram í þingsályktununum, þá eru í raun rjetttri einmitt aðalatriðin í hinum gömlu
kröfum fólgin í hinum þrem tölulíðum þingsályktananna.

Að því leyti sem því er haldið fram, að ráðgjafinn fyrir Ísland eigi að
rjettu lagi samkvæmt gildandi stjórnarskipunarlögum ekki að bera hin sjerstaklegu
málefni Íslands upp í ríkisráðinu, þá er þetta byggt á misskilningi bæði á sjálf-
um ákvæðum laganna frá 2. janúar 1871 og 5. janúar 1874, og sambandi þess-
ara laga við hinn sameinginlega grundvöll sinn, grundvallarlög hins danska
ríkis. Að vísu er það eigi beint tekið fram í lögnum frá 1871 og 1874, eins
og í hinum eldri frumvörpum til laga um stjórnarlega stöðu Íslands, að ráðgjaf-
inn fyrir Ísland skuli eiga sæti í ríkisráðinu; en þótt þetta sje eigi beint tekið
fram í umgetnum lögum, þá var hvorki tilætluð nje gjörð nein breyting í þessu
efni, eins og ljóslega kemur fram í umræðunum um lögin frá 1871 í ríkisþing-
inu. Að það er eigi tekið fram í lögnum, að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli eiga

85 sæti í ríkisráðinu, kemur til af því einu, að það þótti óþarft að taka upp í lög-
 29. maí in bein ákvæði um það, því að það liggur samkvæmt grundvallarlögunum beint í hugmyndinni ráðgjafi, að hann skuli eiga sæti í ríkisráðinu og bera upp í því öll þau lög, er heyra undir verkahring hans, og allar þýðingarmiklar stjórnarathafnir. Því er það, að, úr því æðsta stjórn íslenzkra málefna í Kaupmannahöfn, sú er um er rætt í lögunum frá 1871, samkvæmt þeim greinum í lögunum frá 1874, er landshöfðingi tilfærir, er falin á hendi íslenzkum ráðgjafa, þá er staða hans að sjálfsgöðu að því leyti hin sama, sem annara ráðgjafa ríkisins, og Ísland hefir eins fyrir því löggjöf og stjórn út af fyrir sig, svo sem því ber í hinum sjerstaklegu málefnum landsins, þótt stjórnarstörf þau, sem ráðgjafanum í þessum efnum er trúað fyrir, verði að framkvæmast eptir sömu reglum og samráði, eins og stjórnarstörf hinna annara ráðgjafa konungs.

Það þarf varla að færa rök að því, að ráðaneytið eigi muni geta ráðið til slíkrar *breytingar* á hinum gildandi ákvæðum, er hefði það í för með sjer, að hin sjerstöku löggjafarmálefni og stjórnarmálefni Íslands yrðu eigi eptirleiðis lögð undir atkvæði ríkisráðsins eða borin upp í því, heldur borin upp fyrir konungi af ráðgjafa Íslands einum, svo að hann hefði sömu stöðu, að því er þessi mál snertir, sem allir ráðgjafarnir til samans í ríkisráðinu, að því er til annara mála kemur. Það hefir opt verið tekið fram í hinum langvinnu umræðum um hið íslenzka stjórnarskrármál, að væri sett á stöfn slíkt stjórnarvald, sem áður er óþekkt, og kalla mætti sjerstakt íslenzkt ríkisráð, jafnrjetthátt og óháð ríkisráði ríkisins, sem fyrir er skipað um í grundvallarlögunum, þá væri Ísland þar með leyst úr ríkissambandinu, en það væri jafn skaðlegt bæði fyrir Ísland og ríkið í heild sinni, eins og það væri og ósamræmilegt hinni gildandi stjórnarskipun ríkisins og hinni stjórnlegu stöðu Íslands sem ófráskiljanlegs hluta Danaveldis.

En með því að þetta er þannig, þá þarf engra frekari sannana við til að sýna fram á það, að eigi getur komið til mála að flytja til Íslands frá aðsetri stjórnarinnar og úr aðseturstað konungs ráðgjafa þann, er trúað væri fyrir æðstu stjórn hinna sjerstöku málefna Íslands, og ábyrgð þeirra mála því hlyti að hvíla á honum. Eigi gæti það heldur komið til tals að skipa sjerstakan íslenzkan dóm, eins og þingsályktanirnar fara fram á, nema ráðgjafi Íslands hefði aðsetu þar í landi. Það er því engi þörf á því að telja hjer hinar mikilvægu ástæður, sem landshöfðingi einnig hefir bent á, og annars mætti tilfæra gegn því að setja staðlegan íslenzkan dóm í stað hæstarjettar ríkisins til að dæma í málum þeim, sem hjer er um ræða.

Þegar fallin er hin mikilvægasta ráðstafana þeirra, er landshöfðingi hefir lagt til að gjörðar væri til þess að láta að óskum alþingis að nokkru leyti, nefnilega sú ráðstöfun, að eigi skuli leggja hin sjerstöku íslenzku lög og stjórnarathafnir fyrir ríkisráðið og undir atkvæði þess, þá verður varla ráð fyrir því gjört, að nokkur von sje til þess, að hinar aðrar ráðstafanir, sem hann hefir mælt með, yfir höfuð yrðu skoðaðar sem uppfylling á kröfum þingsins, enda jafnvel óvist að þær þættu í rauninni nokkurs virði. Það virðist auk heldur varla gjörandi ráð fyrir því að einu sinni ráðstöfun, er að öllu samsvaraði til-

lögum landshöfðingja, hefði þann árangur, er hann gjörir sjer von um, að binda endað á stjórnarbaráttuna, þegar þess er gætt, hve miklum mun viðtækari eru kröfur þingsályktananna, er þó eru spróttnar af löngun til þess að gæta hófs. En hvað sem því líður, þá er eptir atvikum eigi hin minnsta ástæða til þess að vænta nokkurs slíks árangurs af ráðstöfun, er gengi skemmra í þá átt að láta að óskum alþingis.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna, ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brief landshöfðingja til ráðgjafans fyrir Ísland.

Þegar í byrjun alþingis þess, er saman kom síðastliðið sumar, voru lagðar fyrir báðar deildir þingsins samhljóða tillögur til þingsályktunar um stjórnarskrármálið, og samtímis var lagt fyrir neðri deild frumvarp til stjórnskipunarlags um hin sjerstöku málefni Íslands, og var það samhljóða lagafrumvarpi því með sömu fyrirsögn, s m samþykkt var á alþingi 1893 og 1894. Frumvarp þetta var samþykkt af neðri deild með 12 atkvæðum gegn 10, en fellt frá umræðu í efri deild með rökstuddri dagskrá með 7 atkvæðum gegn 4, með því að þessi deild hafði þá þegar samþykkt þingsályktunartillöguna. Þegar nefnt lagafrumvarp, er neðri deild hafði samþykkt, þannig var fallið, samþykkti hún með 14 atkvæðum gegn 8 áðursagða þingsályktunartillögu með nokkrum breytingum. Um leið og jeg nú sendi nefndar ályktanir, sem þannig eru samþykktar af báðum deildum þingsins, bæði eins og þær komu frá hendi alþingis og í danskri þýðingu, skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að taka það fram, er hjer fer á eptir.

Svo sem kunnugt er, hafði bænarskrá sú, er samþykkt var af alþingi 1873, inni að halda þá tillögu, að endurskoðuð stjórnarskrá skyldi lögð fyrir hið fjórða alþingi, er saman kæmi eptir það, er stjórnarskipun sú væri komin í gildi, er um var beðið, og þegar stjórnin eigi lagði slíkt frumvarp fyrir alþingi 1881, var það borið upp af þingmanna hálfu, og hefir síðan síðan verið borið upp af hálfu þingmanna á hverju alþingi, þótt það hafi að eins tvisvar verið útrætt og samþykkt á reglulegu alþingi, nefnilega 1885 og 1893. — Öll þessi frumvörp til endurskoðaðra stjórnskipunarlags hafa haft það mark og mið að koma á alinnlendri stjórn með því að fá æðstu stjórn landsins í hendur ábyrgðarlausum landstjóra, er væri búsettur á Íslandi og ljeti ráðgjafa framkvæma vald sitt. Skyldu ráðgjafar þessir vera kosnir af landstjóranum og bera ábyrgð á framkvæmdum stjórnarinnar gagnvart alþingi. Með því að það berlega er gjört Íslendingum kunnugt í allrahæstum auglýsingum til þeirra frá 2. nóvbr. 1885 og 15. desbr. 1893, að slík skipun á æðstu stjórn landsins sje ósamræmileg stjórnarskipun ríkisins, og að eigi geti orðið vænzt allrahæstrar staðfestingar á lagafrumvarpi, sem hefir í för með sjer slíka breyting á stjórnarskipun ríkisins, þá hefir meiri hluti alþingismanna komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje árangurslaust að fara því fram, að ræða á hverju reglulegu alþingi stjórnarskráfrumvarp, sem engin von er til að verði staðfest, og gjöra það að verkum með því að samþykkja slíkt frumvarp, að leysa verði upp alþingi og halda aukaping, er að engum notum kemur. Auk þess telja margir hinna hyggjustu alþingismanna allt of flókna og dýra, og í mörgum atriðum óhentuga skipun þá á hinn æðstu stjórn landsins, er stjórnarskipunarlagsfrumvörpin hingað til hafa haft inni að halda. Um leið og alþingi þó heldur fast við hinar gömlu kröfur sínar um breyting á stjórnarskipuninni, einkum að því er snertir skipun á hinn æðstu stjórn landsins, þá hefir það í þetta skipti valið aðra aðferð, er það telur lík-

85 legri til eflingar málinu, nefnilega að snúa sjer til stjórnarinnar og fara þess á leit við hana, að hún hefjist handa til þess að koma fram endurskoðun á stjórnarskránni, er gangi í þá átt, er hin stjórnarskipunarlagafrumvörpin hafa til bent, og hefir alþingi sjerstaklega tekið fram þau atriði, er því þyki mest um vert, og eru þau þessi:

1. að eigi verði borin upp í ríkisráðinu eða lögð undir atkvæði þess lög eða stjórnarathafnir, er snerta hin sjerstöku mál fni Íslands;
2. að innlendur maður, er búsettur sje á Íslandi og mæti á alþingi, beri eigi einungis ábyrgð gagnvart alþingi á því að stjórnarskráin sje haldin heldur og á sjerhverri þeirri stjórnarathöfn, er snertir hin sjerstöku málefni landsins, og
3. að hjer á landi verði skipaður dómur innlendra manna (landsdómur), til þess að dæma mál þau, er konungur eða neðri deild alþingis kann að höfða gegn þeim manni, er hefði á hendi hina æðstu stjórn innlendra mála, út af embættisfærslu hans.

Eins og kunnugt er, samþykkti alþingi 1891 ályktun, sem fór í sömu átt, sem fyrsti töluliður þingsályktunarinnar frá 1895. Með þingsályktuninni frá 1891 skoraði alþingi á ráðgjafann fyrir Ísland að sjá svo um, að Íslandsráðgjafi sitji eigi í ríkisráði Dana, að því leyti er snerti hin sjerstaklegu málefni Íslands, og hjelt alþingi þá, eins og nú, fram þeirri skoðun, að meðan hin sjerstaklegu löggjafarmálefni og landsstjórnarmálefni Íslands væri borin undir atkvæði ríkisráðsins, þar sem allir ráðgjafar ríkisins eiga sæti og atkvæði, væri eigi framfylgt ákvæðunum í 1. gr. stjórnarskrárinnar um að Ísland skuli hafa löggjöf og landsstjórn út af fyrir sig í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt 3. gr. laga 2. janúar 1871 um stjórnarlega stöðu Íslands í ríkinu eru sjerstakleg fyrir Ísland. Í bræfi mínu frá 28. janúar 1892, er jeg sendi með því umgetna þingsályktun, leyfði jeg mjer að lýsa yfir því, að jeg væri samdóma alþingi í þessu efni, og enn verð jeg að halda fast við þá skoðun, að eigi einungis áðursagt ákvæði 1. greinar stjórnarskrárinnar, heldur og ákvæði 2. gr. sömu laga um að konungur láti ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma vald sitt í öllum sjerstaklegum málefnum Íslands, og ena ákvæði 3. gr. um að ráðgjafinn (fyrir Ísland) beri ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, virðist helzt gjöra ráð fyrir því, að konungur skuli skera úr öllum sjerstaklegum löggjafarmálefnum Íslands og stjórnarmálefnum með aðstoð ráðgjafans fyrir Ísland, þess er hann hefir kosið, án þess hinir aðrir ráðgjafar konungs geti haft nokkur áhrif á ráðstafanir þær, er í þessu efni eru gjörðar, en það getur eigi hjá því farið, að slík áhrif eigi sjer stað, að minnsta kosti að forminu til, meðan þessi málefni eru lögð undir atkvæði ríkisráðsins.

Að því leyti sem alþingi því næst hefir farið þess á leit að stjórnarskránni yrði breytt á þá leið, að hina stjórnarskipulegu ábyrgð á æðstu stjórn hinna sjerstöku málefna Íslands skuli bera maður, er búsettur sje í landinu, þá hlýtur tilætlun alþingis að hafa verið sú, að æðsta stjórn sjerstaklegra málefna Íslands skuli falin á hendi manni, er þar sje búsettur og hafi þá ráðgjafavald. En slíkt fyrirkomulag er óhugsanlegt, eins og tekið er fram í allrahæstri auglýsingu frá 2. nóvbr. 1885, því að sá maður verður að vera við hlið konungs — búa í Kaupmannahöfn —, er framkvæmir vald konungs í sjerstökum málefnum Íslands, og undirskrifar með konungi allar gjörðir, er snerta löggjöfina og stjórnina. Þótt það virðist þannig eigi geta komið til nokkurra mála, að taka til greina eptir orðunum það atriði þingsályktunarinnar, sem hjer er um að ræða, má þó vera, að það geti komið til tals að láta að óskum alþingis á þann hátt, að skipaður væri fyrir Ísland sjerstakur ráðgjafi, er gæti mætt á alþingi og bæri gagnvart því ábyrgð eigi einungis á því að stjórnarskránni sje fylgt, heldur og á öllum framkvæmdum stjórnarinnar, að því er snertir hin sjerstöku málefni Íslands, því að vegna fjarlægðar og örðugra samgangna milli samkomustaðar alþingis og aðsetu stjórnarinnar mundi það mjög æskilegt, að ráðgjafinn gæti

persónulega samið við alþingi, og má gjöra ráð fyrir því, að af því leiddi meðal annars það gott, að alþingi hætti þá að eyða tíma sínum í umræður um frumvörp, sem ngin von væri til að stafest yrðu.

Um síðasta lið þingsályktunarinnar skal það tekið fram, að jeg get eigi sjeð, að það sje nauðsynlegt eða einu sinni æskilegt, að skipa sjerstakan innlendan dóm til þess að dæma um mál þau, er konungur eða neðri deild alþingis kynni að höfða gegn manni þeim, er hefði á hendi hina æðstu stjórn sjerstaklegra málefna Íslands, út af embættisfærslu hans. Það atriði eitt, að hin æðsta stjórn sjerstakra málefna Íslands, ávalt hlýtur að vera í Kaupmannahöfn, virðist sjálfsagt hljóta að gjöra það verkum, að sækja verði fyrir dómi í Kaupmannahöfn mál útaf hinni stjórnskipulegu ábyrgð gegn þeim manni, er ábyrgðina ber. Svo ber þess að gæta, að mark og mið slíkrar málsóknar verður að vera það, að fá rjettlátan og óhlutdrægan dóm um ágreiningsatriði þau, er komið hafa málinu af stað; en rjettlátari og óhlutdrægari dóms í þessu efni verður eigi vænzt hjá öðrum dómstóli en hæstarjetti ríkisins. Þess má og geta að í mörgum konstitutionellum ríkjum er það einmitt hinn regulegi hæstirjettur ríkisins, er dæmir um mál þau, er höfðuð eru gegn ráðgjöfunum út af embættisfærslu þeirra.

Eins og að framan er bent til, ber helzt að skoða þingsályktun þessa sem árangur samkomulags, því að hún fullnægir að einu leytinu eigi þeim, sem lengst fara og halda fast við stjórnarskipunarfrumvarpið frá 1893, svo sem væri það hin eina stjórnarskipun, er fullnægði kröfum Íslands um sjálfstjórn, en á hinn bóginn fer þingsályktun þessi miklu lengra heldur en ná kröfur hinna gætnustu þingmanna, og eru það einkum hinir konungkjörnu, þar sem hún fer fram á að hin æðsta stjórn skuli hafa atsetu í landinu. En allir þingmenn, hvort er þeir eru framhaldsmenn eða íhaldsmenn, jafnt þjóðkjörnir sem konungkjörnir, eru samhuga í því að óska þess, og skoða það sem stórt stig til úrgreiðslu hins umrædda máls:

að skipaður sje fyrir Ísland sjerstakur ráðgjafi, er mætti á alþingi;

að eigi sje borin upp í ríkisráðinu og lögð undir atkvæði þess lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, og

að ráðgjafinn fyrir Ísland beri ábyrgð gagnvart þinginu eigi einungis á því, að stjórnarskráin sje haldin, heldur einnig á embættisfærslu sinni yfirleitt.

Til þess að koma hinum tveim fyrstu ráðstöfununum í kring, mundi eigi þurfa að breyta, stjórnarskránni, en hin síðasta mundi eigi geta komizt á, nema breytt væri 3. gr. stjórnarskrárinnar. Sæji ráðaneytið sjer fært að ráða hans hátign til að láta að áður sögðum óskum alþingis, er jeg fyrir mitt leyti tel atgætilegar, þá mætti gjöra ráð fyrir því, að sjeð yrði fyrir endann á stjórnarbaráttu þeirri, er háð hefir verið um mörg undanfarin ár til mikillar hindrunar heillavænlegri samvinnu stjórnar og þings.

Með þessum ummælum skal jeg virðingarfullt leyfa mjer að skjóta málefni þessu til frekari aðgjörða hins háa ráðaneytis.

Reikningur

86

yfir tekjur og gjöld bókasafns Vesturamtsins í Stykkishólmi 1896.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1895:

a. Hjá amtinu	kr. 67,72
	Flyt kr. 67,72